


## Umhverfismál - Grænt bókhald

Í október 2012 samþykkti framkvæmdastjórn nýja umhverfisstefnu Landspítala og starfsáætlun umhverfismála 2012-2013. Með grænu bókhaldi Landspítala er fylgst með uppfyllingu markmiða í starfsáætluninni og umhverfislegum ávinningi ýmissa umbótaverkefna sem unnið er að í starfseminni. Sjá nánar um umhverfismál á Landspítala hér: <http://www.landspitali.is/umhverfismal>


Grænt bókhald á Landspítala er efnisbókhald með tölulegum upplýsingum um hvernig umhverfismálum er háttað í starfseminni. Það gefur meðal annars yfirsýn yfir magn og kostnað vegna innkaupa á ýmsum rekstrarvörum og þjónustu og vísar þannig á tækifæri til að draga úr bæði umhverfisáhrifum og kostnaði. Jafnframt eru í græna bókhaldinu reiknaðar út ýmsar lykiltölur sem eru samanburðarhæfar og setja umhverfismálin í skýrara samhengi, svo sem orkunýtni, endurvinnsluhlutfall og kolefnisspor.

Hér má sjá ýmsar tölur úr græna bókhaldinu sem varpa ljósi á þau fjölþættu umhverfisáhrif sem starfsemi Landspítala hefur í för með sér.

### Magn úrgangs eftir flokkum árið 2012 (tonn)




### Hlutfall úrgangs eftir förgunarleið árið 2012




## Rafmagn - Notkun og kostnaður á fermeter

Notkun á fermeter var sú sama 2011 og 2012 en verð hækkaði um 5%. Heildarkostnaður vegna rafmagnsnotkunar á Landspítala árið 2011 var 133 milljónir og árið 2012 139 milljónir.




## Heitt vatn - Notkun og kostnaður á fermeter

Notkun á fermeter minnkaði um 4% milli 2011 og 2012 en verð hækkaði um 5%. Heildarkostnaður vegna notkunar á heitu vatni á Landspítala árið 2011 var 102 milljónir og árið 2012 107 milljónir.



## Kolefnisspor Landspítala árið 2012

Kolefnisspor Landspítala er mælikvarði á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar. Í útreikningum hefur verið reiknað með helstu þáttum sem valda þessari losun, fyrir utan vöruflutninga og sjúkraflutninga. Gróðurhúsalofttegundir eru misöflugar, til dæmis veldur eitt tonn af glaðlofti (N<sub>2</sub>O) 310 sinnum meiri gróðurhúsaáhrifum en koltvísýringur (CO<sub>2</sub>).



## Nokkrar lýsandi grænar lykiltölur:

- Heitt vatn notað á Landspítala árið 2012 gæti fyllt 312 Laugardalslaugar.
- Úrgangur frá Landspítala árið 2012, gæti fyllt allan Gamla spítalann og rúmlega það.
- Rafmagn notað á Landspítala 2012 mætti nota til að knýja 5.392 rafbíla á ári.
- Losun koltvísýrings (CO<sub>2</sub>) vegna starfsemi Landspítala árið 2012 er á við losun 1.024 fólksbíla á ári.
- Stærð skóglendis sem þarf til að binda það CO<sub>2</sub> sem losnar árlega vegna starfsemi Landspítala er 8 km<sup>2</sup>, eða á við 4 Viðeyjar með 1,6 milljónum trjáa.
- Árið 2012 voru notaðar á Landspítala 5.600.000 pappírsarkir. Raðað í einfalda röð myndu þær ná 1,3 sinnum kringum landið á þjóðvegi 1.